

Tillaga
Afgreidd af

A 1929/UVN
Norrænu velferðarnefndinni

Sameiginlegar aðgerðir á Norðurlöndum til að auka þekkingu til að koma í veg fyrir og berjast gegn morðum í nánum samböndum

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar og norrænu ríkisstjórnanna

- að hafin verði vinna til að tryggja samræmdar skilgreiningar og tölfraði um morð í nánum samböndum, eins og lýst er í þingmannatillögunni.
- að Norræna ráðherranefndin geri samantekt á árangursríkum aðgerðum gegn ofbeldi og morðum í nánum samböndum.

Bakgrunnur

Morð er alvarlegasta birtingarmynd ofbeldis í nánum samböndum og á sér sjaldan stað án aðdraganda. Algengast er að gerandinn hafi áður beitt þolandann ofbeldi og samkvæmt norskri rannsókn hefur þolandinn í flestum tilvikum leitað til lögreglu, heilbrigðis- og umönnunarþjónustu eða aðstoðar annars staðar í kerfinu. Líta verður á ofbeldi í nánum samböndum sem fyrirboða um að alvarlegri atvik geti átt sér stað. Ofbeldi í nánum samböndum er alvarlegur glæpur sem í verstu tilvikum kostar mannlíf. Það leggst þungt á fjölskyldur og er alvarlegt samfélagslegt vandamál í öllum norrænu löndunum. Í flestum tilvikum eru það karlar sem fremja morð í nánum samböndum og meiri hætta er á að konur séu myrtar af núverandi eða fyrrverandi kærasta, sambýlismanni eða eiginmanni en af nokkrum öðrum.

Tíðni morða er mun lægri á Norðurlöndum en í flestum þeim löndum sem við berum okkur saman við. Ástæða er til að ætla að þessi lága tíðni stafi einkum af því að tíðni annarra morða en morða í nánum samböndum er lág. Til að öðlast betri yfirsýn og vera betur í stakk búin til að berjast gegn morðum af þessu tagi væri gagnlegt að taka saman yfirlit og talnagögn þvert á norrænu löndin sem væru samanburðarhæfari en nú er. Rannsókn frá UNODC¹ (fíkniefna- og sakamálskrifstofu Sameinuðu þjóðanna) frá 2019 sýnir að daglega falla 137 konur í heiminum fyrir hendi fjölskyldumeðlims. Meira en þriðjungur þeirra kvenna sem myrtar voru árið 2017 voru myrtar af þáverandi eða fyrrverandi maka. Þessar konur voru myrtar af þeim sem þær ættu alla jafna að geta treyst.

¹ https://www.unodc.org/documents/data-and-analysis/gsh/Booklet_5.pdf



Rannsókn hefur sýnt að 13,5 prósent allra morða í heiminum eru framin í nánu sambandi. Til samanburðar er hlutfall morða í nánum samböndum í Noregi nú 27 prósent af öllum morðum.² Það er því ljóst að hlutfall morða í nánum samböndum af öllum morðum er mun hærra í Noregi en gengur og gerist í heiminum þrátt fyrir að Noregur skilgreini slík morð með nokkuð þrengri hætti en önnur lönd. Sumar rannsóknir sýna að hlutfall morða í nánum samböndum hefur lækkað í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. UNODC hefur þó bent á að lækkunin sé óveruleg í samanburði við aðra morðflokka og að tíðnin sé almennt séð tiltölulega stöðug. Á síðustu árum hefur morðum á konum í nánum samböndum jafnframt fjölgað á alþjóðavísu. Í Svíþjóð voru morð í nánum samböndum ekki skilgreind sérstaklega í opinberum talnagögnum fyrr en 2017 en samkvæmt sænskri rannsókn frá árinu 2017 voru 26 prósent morða á tímabilinu 1990–2013 framin í nánum samböndum. Í Svíþjóð er tíðni morða hærri en í Noregi (u.þ.b. 1:100.000). Tíðni morða er sömuleiðis hærri í Danmörku en í Noregi (0,9:100.000). Samkvæmt skýrslu frá 2020 eru 23 prósent allra morða í Danmörku framin í nánum samböndum.³

Finnski fræðimaðurinn og prófessorinn Veli Verkko rannsakaði meðal annars morð á áratugunum 1920–1950. Hann taldi hlutfall kvenkyns fórnarlamba morðs vera hátt þegar heildartíðni morða er lág, og öfugt. Þetta hefur síðar verið kallað „lögmál Verkkos“. Hátt hlutfall morða í nánum samböndum í Noregi kann því að stafa af því að morðtíðni er almennt lág, sé litið til lögmáls Verkkos. Samanburður við áætlað hlutfall morða í nánum samböndum á heimsvísu rennir frekari stöðum undir þetta, en það er lægra en í Noregi og á Norðurlöndum.

Þótt norrænu löndin hafi náð góðum árangri í jafnréttismálum og séu á meðal fremstu landa heims þegar kemur að jafnrétti og lýðræði er ofbeldi gagnvart konum og morð í nánum samböndum enn mikil ógn. Sú staðreynd ógnar einnig lýðræðinu því ofbeldi í nánum samböndum á þátt í að þagga niður í þolendum og draga úr mætti þeirra til að taka virkan þátt í þjóðlífinu.

Þar sem flest morð í nánum samböndum eru talin eiga sér aðdraganda, að þolandinn hafi áður sætt ofbeldi af hálfu morðingjans og reynt að leita sér hjálpar hjá yfirvöldum, er þörf á að leita meiri þekkingar og öðlast skilning á því hvernig samfélagið getur búið sig undir að koma í veg fyrir morð í nánum samböndum. Norðurlöndin eiga að vinna meginndlegar greiningar á málum sem varða morð í nánum samböndum til að fá innsýn í hvernig megi fyrirbyggja morð í nánum samböndum og hvernig hægt sé að efla opinber úrræði til hjálpar fólki sem sætir ofbeldi í nánum samböndum.

Í stuttu máli er eftirfarandi lagt til:

²

<https://www.regjeringen.no/contentassets/5f3dc96de14f443f869795a19088926a/no/pdfs/nou20202020001700odddpfs.pdf>

³

<https://www.regjeringen.no/contentassets/5f3dc96de14f443f869795a19088926a/no/pdfs/nou20202020001700odddpfs.pdf>



1. Til að tryggja betri rannsóknir á morðum í nánum samböndum á Norðurlöndum er þess farið á leit við Norrænu ráðherranefndina að hún eigi frumkvæði að því að löndin taki upp sameiginlega skilgreiningu á morðum í nánum samböndum.
2. Norræna ráðherranefndin er beðin um að eiga frumkvæði að samnorrænni talnasöfnun um morð í nánum samböndum.
3. Mælt er til þess að Norræna ráðherranefndin tryggji samnorrænar rannsóknir á morðum í nánum samböndum, m.a. með því að eiga frumkvæði að stofnun norrænnar nefndar um málefnið svo draga megi lærdóm af málum og rannsaka hvernig bæta megi meðhöndlun hins opinbera á málum er varða ofbeldi í nánum samböndum.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin telur tilmælin vera mikilvæg og nauðsynleg í vinnunni við að tryggja öryggi á Norðurlöndum fyrir alla.

Ofbeldi og ofbeldishótanir eru oft fyrirboðar morða í nánum samböndum, sem teljast þess vegna til morða sem mögulega hefði mátt sjá fyrir. Tölur sýna að fjöldi morða í nánum samböndum hefur haldist stöðugur í mörg ár og að þessi tegund morða er sú algengasta á Norðurlöndum. Að meðaltali fellur ein kona fyrir hendi núverandi eða fyrrverandi maka í *hverjum* mánuði í *hverju* norrænu landanna. Þetta mynstur sést svo greinilega og víða að morð af þessu tagi hafa fengið sérstaka skilgreiningu og eru nefnd kvennamorð, eða „femicide“. Nefndin kallar eftir því að brugðist verði við þessari óásættanlegu staðreynd.

Margir telja ofbeldi gegn konum og kvennadráp vera stærstu jafnréttisáskorunina sem Norðurlöndin standa frammi fyrir. Nefndin verður að standa sameinuð í baráttunni gegn þessu ofbeldi og þessum morðum. Samnorrænar þekkingarskapandi aðgerðir í formi sameiginlegra skilgreininga, skráninga, gagnasöfnunar og miðlunar þekkingar og reynslu af árangursríkum aðgerðum, bæði á almennum og pólitískum vettvangi, eru fyrsta mikilvæga skrefið á þessari vegferð.

Staða þessa sorglega málefnis er svipuð milli Norðurlandanna og er það álit nefndarinnar að Norðurlöndin myndu njóta mikils ávinnings af norrænu samstarfi um eflingu forvarna og baráttunnar gegn ofbeldi og morðum í nánum samböndum.

Nefndin í heild sinni styður á grundvelli þessa tillöguna.

Reykjavík, 14. mars 2023



Anna-Lena Blomkvist (SD)
Anne Kristine Linnestad (H)
Ásmundur Friðriksson (Sj.)
Eva Lindh (S)
Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)
Jette Gottlieb (EL)
Johan Dahl (sb)

Johan Hultberg (M)
Kjerstin Wøyen Funderud (Sp)
Maria Durhus (S)
Mikkel Bjørn (DF)
Sara Emil Baaring (S)
Tobias Drevland Lund (rødt)
Truls Vasvik (S)